

Reykjavíkurborg
Skrifstofa skipulags- og byggingarsviðs
Ráðhúsinu
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. nóvember 2009
Tilvísun: UST20090900092/ksj

Melavellir Kjalarnes kjúklingabú


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar dags. 18. október 2009, þar sem óskað er umsagnar um breytt deiliskipulag jarðarinnar Melavellir á Kjalarnesi. Erindinu fylgir deiliskipulagsuppráttur og umhverfisskýrsla.


Jörðin Melavellir er 16,33 ha að stærð og er skilgreind sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi, þar hefur verið stunduð alifuglarækt frá árinu 1995. Á jörðinni eru í dag íbúðarhús, og alifuglahús sem eru samanlögð að stærð 5400 m². Breytingartillagan gerir ráð fyrir að byggð verði á jörðinni 4 ný alifuglahús til viðbótar að hámarksstærð 2145m² eða alls 8580 m² ásamt allt að 500 m² haughúsi úr steinsteypu nyrst á lóðinni. Stækkun samkvæmt breytingartillögunni er alls 9080 m². Alifuglahús ásamt haughúsi verða samtals á jörðinni eftir breytingu 14480 m².

Eins og fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar um frummatsskýrslu dags. 26. febrúar 2008, um stækkun kjúklingabús Matfugls á Melavöllum er framkvæmdasvæðið á skipulögðu landbúnaðarsvæði og hefur framkvæmdin ekki áhrif á vatnsverndarsvæði eða viðkvæm vatnasvæði (sbr. reglugerð nr. 804/1999). Svæðið er ekki innan friðlýsts svæðis eða annarra svæða sem eru á náttúruminjasrá eða njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við tillögu að breyttu deiliskipulagi Melavalla og umhverfisskýrslu.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun